FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Veður- og haffræði
Námsgrein:	jarðfræði
Viðfangsefni:	veður og haffræði
Skammstöfun:	JARÐ2VH05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í þessum áfanga verður fjallað um eðli og eiginleika lofthjúps jarðar, gróðurbelti jarðar, hafið og jökla. Leitast verður við að skoða hvaða áhrif tilvera mannsins hefur á ofangreinda þætti.
Forkröfur:	INGA1NR05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • efnasamsetningu, lagskiptingu og eðliseiginleikum lofthjúps jarðar • mismunandi skýjagerðum og flokkun þeirra • vindakerfi jarðar • árstíðum, orsökum og samhengi við veðurfar • loftslagsbeltum jarðar • tengslum veðurfars og gróðurbelta og tengslum veðurfars og landslags • ýmsum veðurfarslegum fyrirbærum • hafstraumum og blöndun sjávar með láréttum og lóðréttum hafstraumum • myndun hafíss • hringrásum efna í lofthjúpi og hafi • loftmengun og breytingum á loftslagi • loftslagsbreytingum af mannavöldum
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • greina ský og nýta skýjamyndanir til að segja til um veður • greina veðurkort • fjalla um veðurlag út frá stöðu veðrakerfa á nánd við Ísland • fjalla um ástand sjávar og mikilvægi þess fyrir lífríkið
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • leggja mat á veðurfræðilegar upplýsingar sem nýtast í daglegu lífi • meta mögulegar veðurfarslegar ógnir • leggja mat á upplýsingar um veðurfyrirbæri • sjá samhengi og áhrif lifnaðarhátta á loftslag • meta þau áhrif sem hafið hefur á daglegt líf okkar, t.d. hvað varðar veðurfar, sjávarföll og strauma

	• leggja rökstutt mat á umfjöllun um loftslagsbreytingar á jörðinni og þær leiðir sem eru vænlegar til að sporna við þeim
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.